



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Þorbergur Þorbergsson
Kristinn Einarsson
Hörður Svavarsson

HNAPPÖLDUVIRKJUN

Forathugun

OS-84072/VOD-08
Reykjavík, september 1984



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Þorbergur Þorbergsson
Kristinn Einarsson
Hörður Svavarsson

HNAPPÖLDUVIRKJUN

Forathugun

OS-84072/VOD-08
Reykjavík, september 1984

ÁGRIP

Forathugun er framkvæmd á virkjun Efri-Þjórsár við Fremri-Hnappöldu, með miðlun við Norðlingaöldu og í Fossárdrögum. Virkjun þessi er hér nefnd Hnappölduvirkjun.

Sérkenni virkjunarinnar eru tvær aðskildar veitur og tvær miðlanir.

Virkjað fall er 273 m og virkjað rennsli 108 m³/s. Gefur það 250 MW afl og orkumátt um 1500 GWh/a.

Grundvöllur kostnaðarmats er verðlag í desember 1982 (byggingarvísitala 100), og reynist stofnkostnaður 4700 MKr. eða 3,1-3,4 kr./KWh/a.

Óvissa í rennslisröðum kemur sem stendur í veg fyrir raunhæfan samanburð við orkuverð frá virkjunum utan Efri-Þjórsár.

EFNISYFIRLIT

bls.

ÁGRIP	3
1 INNGANGUR	7
2 VATNAFRÆÐI	8
2.1 Inngangur	8
2.2 Viðmiðunarraðir	9
2.3 Rennslisraðir til Hnappölduvirkjunar	10
2.3.1 Norðlingaalda án Kvíslaveitu	11
2.3.2 Kvíslaveita meiri	11
2.3.3 Dalsárveita	12
2.3.4 Skurður	12
2.4 Gæði líkana og frávik reiknaðs rennslis frá mældu	14
3 GRUNNKERFI	19
4 ELDRI VIRKJUNARHUGMYNDR	20
4.1 Norðlingaöldumiðlun	20
4.2 Króksvirkjun	20
4.3 Gljúfurleitarvirkjun	21
5 HNAPPÖLDUVIRKJUN	24
5.1 Inngangur	24
5.2 Forsendur reikninga	24
5.3 Tilhögun virkjunar	24
5.3.1 Neðri veita	24
5.3.2 Efri veita - Dalsárveita	28
5.3.3 Virkjun	29
6 NIÐURSTÖÐUR	30
RITASKRÁ	32
VIÐAUKI I	35
Bréf Hauks Tómassonar 1983-10-10	37
VIÐAUKI II	39
Tafla V-II-1. Rennslisröð fyrir Norðlingaöldumiðlun	41
Tafla V-II-2. Rennslisröð fyrir Kvíslaveitu meiri	42
Tafla V-II-3. Rennslisröð fyrir Dalsárveitu	43
Tafla V-II-4. Rennslisröð fyrir neðri veitu, skurður	44
Tafla V-II-5. Rennslisröð fyrir Efri-Þjórsá, vhm 100. Reiknað rennsli	45
VIÐAUKI III	47
Bréf Verkfræðistofunnar Strengs 1984-07-20	49
Tafla V-III-1. Virkjað rennsli Hnappölduvirkjunar	52
Mynd V-III-1. Hnappölduvirkjun. Kerfismynd	53

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Rennslisraðir til Hnappölduvirkjunar	13
Mynd 2	Mælt og reiknað rennslis við vhm 100, Hnappölduvirkjun, Norðlingaalda.	17
Mynd 3	Króksvirkjun, miðlunarlón	21
Mynd 4	Efri-Þjórsá, yfirlitskort	23
Mynd 5	Stíflur. Lón- og massaferlar	26
Mynd 6	Stíflur. Lón- og massaferlar	26
Mynd 7	Draugakvísl, Dalsá, Vatnsás - Helgavatn. Lón- og massaferlar	27
Mynd 8	Fossárdrög. Lón- og massaferlar	27
Mynd 9	Langsnið í vatnsveg virkjunar	29
Mynd 10	Hnappölduvirkjun og Króksvirkjun Yfirlitskort í vasa aftast	

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1	Vatnasvið og meðalrennslis 1966-'82 til Hnappölduvirkjunar	8
Tafla 2	Ársferlar rennslis, úrkomu og gráðudaga. Meðaltöl og Fourier-stuðlar	11
Tafla 3	Samanburður mælds og reiknaðs rennslis í Efri-Þjórsá við vhm 100 meðalvatnsárstímabil 1974-'79.	15
Tafla 4	Samanburður mælds og reiknaðs rennslis í Efri-Þjórsá A: við vhm 216 vatnsárin 1965-'79, B: við vhm 100 vatnsárin 1974-'79 C: milli vhm 216 og vhm 100 vatnsárin 1974-'79	16
Tafla 5	Orkumáttur Hnappölduvirkjunar, GWh/ári, við mismunandi grunnkerfi og rennslisraðir	31

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar um athugun á virkjunarkostum í Efri-Þjórsá, með öðrum orðum hvernig hagkvæmast sé að virkja fall Þjórsár frá Norðlingaöldu að Sultartangalóni. Alls er hér um að ræða 284 metra fallhæð, frá 581 m y.s. við Norðlingaöldu að vatnsborði í Sultartangalóni í 297 m y.s.

Hugmyndir um virkjun Efri-Þjórsár hafa einkum beinst að skurðavirkjunum annarsvegar (Gljúfurleitarvirkjun eða Gnúpverjavirkjun) og virkjun með jarðgöngum hinsvegar (Króksvirkjun).

Gljúfurleitarvirkjun: Miðlunarlón við Norðlingaöldu og vatninu veitt um skurði í hliðinni vestan Þjórsár að inntaksmannvirkjum rétt ofan við Gljúfurleitarfoss. Stöðvarhús neðanjarðar og jarðgöng út í farveg Þjórsár rétt neðan við fossinn.

Króksvirkjun: Inntaks- og miðlunarlón við Krók ásamt viðbótar-miðlun við Norðlingaöldu. Stöðvarhús neðanjarðar við Króksstíflu og frárennsli um löng jarðgöng (7 km) niður fyrir Gljúfurleitarfoss.

Við samanburðarathuganir hefur komið í ljós að skurðavirkjunin er ódýrari á orkueiningu, en með jarðgangnavirkjun fæst meira rekstrarör-yggi.

Á fundi sem haldinn var á Orkustofnun þann 10. október 1983, kynnti Haukur Tómasson hugmyndir sínar um breytta útfærslu á nýtingu falls við Efri-Þjórsá (Hnappölduvirkjun). Gerð verður grein fyrir útfærslu þessari í kafla 5 hér á eftir.

Verk- og vatnafræðideild hefur athugað þessar hugmyndir og gert hagkvæmnisamanburð á Hnappölduvirkjun og eldri hugmyndum um nýtingu um-rædds falls. Notað var tölvulíkan við reikningana (HYDRO), sem þróað hefur verið á Orkustofnun.

Allir kostnaðarreikningar miðast við verðlag í desember 1982 og vísitölu byggingarkostnaðar 1482 (eða 100) stig. Helstu einingarverð eru: stíflufyllingar 120 kr/m³, gröftur í lausum jarðveg 50 kr/m³ og sprengingar í skurðum 150 kr/m³.

Í viðauka III eru niðurstöður orkumáttarreikninga, sem gerðir voru á verkfræðistofunni Streng. Skýrslunni hefur nokkuð seinkað í útgáfu vegna ósamræmis í rennslisröðum, sem fram kom við þá reikninga. Er lítillega fjallað um það atriði í kaflanum um vatnafræði hér á eftir og nánar í viðauka.

2 VATNAFRÆÐI

2.1 Inngangur

Í október 1983 var Verkfræðistofunni Vatnaskil falið að áætla rennsli fyrir ákveðna safnpunkta á veituleiðum til áætlaðrar Hnappölduvirkjunar í Efri-Þjórsá. Skilaði verkfræðistofan skýrslu um verkið í nóvember 1983 (Verkfræðistofan Vatnaskil 1983). Rennslisáætlunin skyldi miðast við eftirfarandi fjóra rennslispætti:

- 1) Rennsli við Norðlingaöldu, án Kvíslaveitu meiri.
- 2) Rennsli í Kvíslaveitu meiri.
- 3) Dalsárveitu.
- 4) Rennsli í skurð, þ.e. af vatnasviði skurðar frá Norðlingaöldu að Hnappöldu.

Notað var NAM2 rennslislíkanið skv. fyrri aðlögun þess að rennsli Efri-Þjórsár, sem lýst er í skýrslu til Landsvirkjunar (Verkfræðistofan Vatnaskil 1982a), en skiptingu í hlutsvæði breytt til samræmis við tilhögun Hnappölduvirkjunar. Rennslisáætlunin náði til tímabilsins 1. júlí 1965 til 31. desember 1982 og takmarkaðist aftur í tímann við það, er rekstur veðurstöðvar að Hveravöllum hófst.

Vatnasvið og meðalrennsli 1966-1982 er gefið í meðfylgjandi töflu (tafla 1).

TAFLA 1 Vatnasvið og meðalrennsli 1966-1982 til Hnappölduvirkjunar.

Hlutsvæði:	Vatna- svið km ²	Jökul- hulið km ²	Meðal- rennsli m ³ /s	Af- rennsli l/s*km ²
(N) Norðlingaalda, án Kvíslaveitu meiri	859	343	52,5	61,1
(K) Kvíslaveita meiri	1228	112	44,0	35,8
(D) Dalsárveita	335	0	19,6	58,5
(S) Skurður	141	0	7,1	50,4

Vatnaskil höfðu áður lengt rennslisröð fyrir Kvíslaveitu á 2 vikna grunni aftur til byrjunar vatnsársins 1950 (Verkfræðistofan Vatnaskil 1982b), og var það gert fyrir Landsvirkjun með sömu aðferðum og notaðar eru almennt á Þjórsársvæðinu, þ.e. með línulegri fylgnigreiningu miðað við rennsli um Urriðafoss og regn og gráðudaga að Hæli í Hreppum.

Betri aðferðir til lengingar rennslisraða eru nú komnar til (Árni Snorrason 1983), og er þeim beitt hér á eftir til að bæta vatnsárunum

1950 til 1964 framan við raðirnar fjórar, sem fengust skv. NAM2 líkaninu. Er þá byrjað á að breyta rennsliseiningum úr m³/s í G1/2 vikur, árssveifla fjarlægð með Fourier-greiningu, og línuleg fylgni leifarliða greind, helst með notkun sjálfyfyllni (sé hún marktæk). Rennslisgögn frá Fossá í Þjórsárdal, vhm 099, og veðurgögn frá Hæli í Hreppum, veðurstöð 907 (gráðudagar > 0 °C og úrkoma) voru notuð í fylgnigreiningunni, ásamt sjálfyfyllni.

Notað er líkan er lýsir rennsli sem samsettu af ársferli og leifarröð:

$$Q_t = M_t + S_t + y_t \quad (1)$$

þar sem M_t er langtíma meðaltal rennslisraðarinnar,
 S_t er árstíðabundið frávik frá langtíma meðaltali
og y_t er leifarröð, sem telst ætæð af annarri gráðu

Ársferillinn er metinn með summu langtíma meðaltals og Fourier raðar:

$$A_t = M_t + S_t = M_t + \sum_{i=1}^p BB_i \sin(w_i t + C_i) \quad (2)$$

þar sem A_t er gildi ársferilsins fyrir tímabilið t ,
 p er fjöldi Fourier þátta (yfirleitt nægja tveir til þrjár),
 w_i er tíðni þeirra og
 BB_i og C_i eru stuðlar sem þarf að meta ásamt M_t

Tengsl leifarraðar, sem lengja þarf, við lengri leifarraðir fást með líkaninu:

$$y_t = \sum_{j=1}^p a_j y_{t-j} + \sum_{i=1}^k \sum_{j=1}^r b_{ij} x_{it-j}^{-1} + w_t \quad (3)$$

þar sem x_{it-j}^{-1} er leifarröðin x_{it} hliðruð um j^{-1} tímabil,
 r_i er mesta hliðrun raðar númer i ,
 b_{ij} eru fylgnistuðlar
og w_t er leifarröð, ótengd y_t

Þegar búið er að lengja leifarröð skv. þessu líkani, er árssveiflunni bætt aftur við. Er rennslisröðin þá tilbúin. Hér á eftir er lítillega fjallað um viðmiðunarraðirnar, rennsli í Fossá í Þjórsárdal og veðurbætti á Hæli, en síðan er líkansmiðinni fyrir raðirnar fjórar lýst. Kaflanum lýkur á hugleiðingum um gæði líkana í hverju tilfalli. Vardandi aðferðafræðina, sem notuð er, vísast til rita Kristins Einarssonar (1981) um NAM2-líkanið og Árna Snorrasonar (1983) um ofangreint líkan.

2.2 Viðmiðunarraðir

Til lengingar á rennslisröð verður að hafa tiltæka eina eða fleiri viðmiðunarraðir, sem ná yfir tímabilið sem fylla á upp í. Æskilegt er að hafa veðurathuganir sem viðmiðun a.m.k. að hluta, þar sem raðir veðurbátta hafa nokkuð aðra tölfræðilega eiginleika en rennslisraðir, vantar t.d. oft sjálfyfyllni í leifarliðum. Fæst þá óháð mat á eiginleikum rennslisraðanna, oft skýrist breytileiki sem rennslisraðir geta

ekki lýst.

Næsta tiltæk veðurstöð við Efri-Þjórsá, sem nær aftur til 1950, er Hæll í Hreppum. Notuð var sólarhringsúrcoma og dagsmeðalhiti sem frumgögn, en þeim breytt í 2 vikna gildi úrkomu í mm og gráðudaga $> 0^{\circ}\text{C}$. Eyða var í gögnum um úrkomu og hita í janúar til mars 1959. Var fyllt í skarðið með línulegri fylgnigreiningu við sólarhringsathuganir sömu veðurláttanna í Reykjavík og á Kirkjubæjarklaustri. Fylgni í úrkomu var sémileg og í hita var hún góð. Eyðan er ekki löng samanborið við heildarlengd raðarinnar, og skiptir því vart miklu máli.

Óháð rennslisviðmiðun fékkst með notkun vhm 99, Fossá í Þjórsárdal, en vatnasvið Fossár er utan vatnasviðs Efri-Þjórsár, án þess þó að vera mjög fjarri. Rekstur vhm 99 hófst raunar í byrjun vatnsársins 1958, svo byrja þurfti á að lengja þá röð. Í töflu 2 eru gefnir ársferlar rennslis-, úrkomu- og gráðudagaraða (Fourier stuðlar), sem notaðir eru til að mynda leifarrafir viðkomandi þátta (sjá Árna Snorrason 1983 um stærðfræðina að baki þeim). Fylgnilíkingar (4-9) hér á eftir eiga við leifarrafirnar, og eru þær fundnar með línulegri fylgnigreiningu (regression). Þættir eru teknir með í líkingarnar eða hafnað, allt eftir því, hvort nýr liður skýrir meira en 1 % í viðbót af breytileika leifarrafarinnar, eður ei. Þeir eru gefnir í sömu röð og þeir koma inn við fylgniprófun, þ.e. í mikilvægisröð.

Fyrir vhm 99 (F) er notuð fylgnilíking við gráðudaga > 0 á Hæli (0), úrkomu á sama stað (U), auk sjálffylgni (F_{t-1} , þ.e. rennslis á tímanum t er háð rennslis á tímanum $t-1$):

$$yF_t = 0,10*yU_t + 0,34*yF_{t-1} + 0,07*y0_t - 0,1 \quad (4)$$

Árssveiflan í Fossá 1958-'81 (tafla 2) skýrir 66,6 % af breytileika rennslisraðarinnar og jafna (4) 15,1 %. Líkan fyrir lengingu Fossár skýrir þá 81,7 % af breytileika rennslisins vatnsárin 1958-'81.

2.3 Rennslisraðir til Hnappölduvirkjunar

Hér á eftir er fjallað um rennslislíkön hverrar einstakrar af hinum fjórum rennslisröðum, sem nauðsynlegar eru til forathugunar á hagkvæmni Hnappölduvirkjunar. Ársferlar þeirra koma fram í eftirfarandi töflu 2.

TAFLA 2 Ársferlar rennslis, úrkomu og gráðudaga.
Meðaltöl og Fourier-stuðlar. (Síðustu aukastafir
innan staðalfráviks). Bylgjulengd: (1) = 1 ár,
(2) = 1/2 ár, (3) = 1/3 ár.

Röð	M	BB(1)	C(1)	BB(2)	C(2)	BB(3)	C(3)
	*	*		*		*	
F	8,6	-3,2	0,2	3,3	1,6	2,5	0,4
O	68,0	-69,3	0,98	-17,4	0,46	.	.
U	41	8	-0,2	4	-0,4	5	1,9
N	64	-63	0,94	30	-3,11	8	2,0
K	54	-47	0,66	30	2,25	23	0,8
D	23,9	-14	0,35	13	1,59	10	0,2
S	8,7	-4,2	0,18	4,2	1,33	3,1	0,1
Ep	119	-109	0,82	53	2,71	28	1,1

* Eining ýmist Gl/2V, mm/2V eða gráðud.>0/2V.
Ep: Vhm 100, Efri-Þjórsá, Norðlingaalda = Summan af N og K.

2.3.1 Norðlingaalda án Kvíslaveitu

Gengið er út frá því að rennslisröð vatnsáranna 1965-'81 gerð með NAM2-líkani sé "jafngild" mældu rennslis.

Líkan fyrir leifarliði rennslis við Norðlingaaldu án Kvíslaveitu (N) er:

$$yN_t = 1,3*yF_t + 0,50*yO_t + 0,23*yN_{t-1} + 1 \quad (5)$$

Árssveifla skv. töflu 2 skýrir 90,7 % breytileikans og jafna (5) 3,4 %. Líkanið skýrir því 94,1 % breytileikans. Rennslisröðin er sýnd í viðauka II og á mynd 1.

2.3.2 Kvíslaveita meiri

Gengið er út frá því að rennslisröð vatnsáranna 1965-'81 gerð með NAM2-líkani sé "jafngild" mældu rennslis.

Líkan fyrir leifarliði rennslis í Kvíslaveitu meiri (K) er:

$$yK_t = 2,7*yF_t + 0,25*yK_{t-1} + 0,32*yO_t - 0,19*yN_t + 0,4 \quad (6)$$

Árssveifla skv. töflu 2 skýrir 77,7 % breytileikans, 7,7 % til viðbót-
ar skýrast af jöfnu (6). Líkanið skýrir þá 85,4 % af breytileika
rennslis í Kvíslaveitu meiri. Rennslisröðin er gefin í viðauka II og
teiknuð á mynd 1.

2.3.3 Dalsárveita

Gengið er út frá því að rennslisröð vatnsáranna 1965-'81 gerð með NAM2-líkani sé "jafngild" mældu rennslis.

Líkan fyrir leifarliði rennslis í Dalsárveitu (D) er:

$$yD_t = 1,4*yF_t + 0,12*y0_t - 0,07*yN_t \quad (7)$$

Árssveifla skv. töflu 2 skýrir 79,3 % breytileikans, 8,3 % til viðbótar skýrast af jöfnu (7). Líkan fyrir rennslis í Dalsárveitu skýrir því 87,6 % breytileikans. Rennslisröðin er gefin í viðauka II og teiknuð á mynd 1. Eftirtektarvert er, að sjálffylgni er ekki marktæk í þessari röð, og verður nánar fjallað um það hér á eftir.

2.3.4 Skurður

Gengið er út frá því að rennslisröð vatnsáranna 1965-'81 gerð með NAM2-líkani sé "jafngild" mældu rennslis.





Líkan fyrir leifarliði rennslis á vatnasviði aðrennslisskurðar Hnappölduvirkjunar (S) er:

$$yS_t = 0,40*yF_t + 0,05*y0_t \quad (8)$$

Árssveifla skv. töflu 2 skýrir 79,4 % breytileikans, 7,8 % til viðbótar skýrast af jöfnu (8). Líkan fyrir rennslis til aðrennslisskurðar skýrir því 87,2 % breytileikans. Rennslisröðin er gefin í viðauka II og teiknuð á mynd 1. Sama gildir og um Dalsárveitu, sjálffylgni er ekki marktæk í leifarröðinni.

VOD-VV-861 KE
84.02.0287

RENNSLISRAÐIR TIL HNAPPÖLÐUVIRKJUNAR



MYND 1 Rennslisraðir til Hnappölduvirkjunar

2.4 Gæði líkana og frávik reiknaðs rennslis frá mældu

Erfitt er að prófa gæði líkana fyrir rennsli til Hnappölduvirkjunar, þar sem gögn um mælt rennsli skortir af eðlilegum ástæðum. NAM2 líkanið er stillt af gagnvart vhm 216, Þjórsá við Skúmstungur, árin 1965-'80. Hægt er að prófa það gagnvart vhm 100, Þjórsá við Norðlingaöldu, árin 1975-'80 og árið 1982. Slíkur samanburður er framkvæmdur í skýrslu Vatnaskila (1982a) fyrir árin 1975-'80, og telst árangurinn góður.

Rennsli Efri-Þjórsár (EP) er skipt milli Norðlingaöldu (N) og Kvísla-veitu meiri (K) hér að ofan. Engan samanburð við mælt rennsli er að fá vatnsárin 1950-'65, á því tímabili sem sjálffylgnilíkanið er notað.

Athugað var, hvernig framlenging NAM2 raðar fyrir Efri-Þjórsá við Norðlingaöldu, vhm 100 (EP), kemi út skv. sömu aðferð og hér að ofan. Líkan fyrir leifarliði rennslis við vhm 100 skv. NAM2-líkani er:

$$yEP_t = 4,2 * yF_t + 0,8 * yO_t + 0,23 * yEP_{t-1} - 0,26 * yU_t + 1 \quad (9)$$

Árssveifla skv. töflu 2 skýrir 85,9 % breytileikans, 5,1 % til viðbótar skýrast af jöfnu (9). Líkan fyrir rennsli Efri-Þjórsár, vhm 100, skýrir því 91,0 % breytileikans. Rennslisröðin er gefin í viðauka II og teiknuð á mynd 2.

Hægt er að bera NAM2-hluta þessarar raðar saman við mælt rennsli í G1/2V vatnsárin 1974-'79. Er það gert í töflum 3 og 4 og á mynd 2. Niðurstaða þess samanburðar skv. töflu 3 er sú, að meðalrennslistímabil (G1/2v) þessara sex vatnsára vikur einu sinni 33 % frá mældu rennsli, þrisvar milli 20 og 30 %, átta sinnum milli 10 og 20 % og fjórán sinnum er frávikíð undir 10 %. Verður það að teljast viðunandi, en þó ber að hafa í huga, að um meðaldreifingu yfir árið er að ræða. Rennslið er yfirleitt ofmetið síðla hausts og að vetrinum, vorflóðin koma of seint, og á sumrin og síðla hausts er rennslið vanmetið. Vatnsjöfnuði er haldið góðum fyrir allt tímabilið, sem líkanið er keyrt fyrir.

Annað verður uppi á teningnum, þegar einstök vatnsár eru skoðuð, sjá töflu 4. Fyrst er þar litið á vatnsársrennslið í Þjórsá við Skúmstungur, mælt og reiknað, skv. rennslisskýrslu fyrir vhm 216 (Orkustofnun, Vatnamælingar) og skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila (1982b). Þá kemur í ljós, að öll fjögur vatnsárin, sem máli skipta fyrir grunnkerfið á tímabilinu 1950 til 1979 vegna lítils rennslis, reiknast of lág í NAM2-líkaninu fyrir Efri-Þjórsá við Skúmstungur. Nemur frávikíð frá 9,8 til 20,5 % af mældu rennsli vatnsáranna 1965, 1966, 1978 og 1979.

Síðan er litið á vatnsársrennslið í Þjórsá við Norðlingaöldu, mælt og reiknað, skv. sömu heimildum. Því miður er ekki hægt að bera saman niðurstöður nema fyrir vatnsárin 1974-'79. Vatnsárin 1965 og 1966 eru því ekki með, en vatnsárið 1978 reiknast rennslið 4,6 % of lítið og 1979 3,7 % of lítið. Frávikíð hefur því minnkað hlutfallslega þau ár við Norðlingaöldu, en aukist nedar í ánni, og er það nokkur huggun þeim sem vilja reikna vatn sem næst lagi í lón við Norðlingaöldu.

Samsvarandi aukid frávik neðar í ánni þessi ár sést, þegar lítið er á svæðið frá Norðlingaöldu að Skúpstungum og ármótum við Tungnaá, þ.e. mismun vatnshæðarmæla 216 og 100. Vatnsárið 1978 reiknast rennsli þar 19,9 % of lítið og vatnsárið 1979 24,0 % of lítið.

TAFLA 3 Samanburður mælds og reiknaðs rennslis í Efri-Þjórsá við vhm 100 meðalvatnsárstímabil 1974-'79.

Vatnsárs- tímabil nr.	Mælt rennsli Gl	Reiknað rennsli Gl	Mis- munur Gl	Mis- munur %
1	150,9	118,0	-32,9	-21,8
2	106,1	94,4	-11,7	-11,0
3	79,8	84,6	4,8	6,0
4	82,3	95,3	13,0	15,8
5	62,7	68,4	5,7	9,1
6	55,9	67,6	11,7	20,9
7	47,2	55,7	8,5	18,0
8	40,9	54,4	13,5	33,0
9	51,5	51,0	- 0,5	- 1,0
10	47,4	46,1	- 1,3	- 2,7
11	43,6	44,1	0,5	1,1
12	42,5	42,6	0,1	0,2
13	42,8	46,6	3,8	8,9
14	41,7	44,5	2,8	6,7
15	39,7	40,8	1,1	2,8
16	41,6	47,5	5,9	14,2
17	46,7	55,1	8,4	18,0
18	53,1	66,5	13,4	25,2
19	178,0	158,7	-19,3	-10,8
20	312,8	325,6	12,8	4,1
21	281,0	317,9	36,9	13,1
22	217,3	210,7	- 6,6	- 3,0
23	239,5	234,1	- 5,4	- 2,3
24	233,1	222,3	-10,8	- 4,6
25	256,9	233,1	-23,8	- 9,3
26	228,7	200,8	-27,9	-12,2
Árið	3024	3026	2,8	0,1

TAFLA 4 Samanburður mælds og reiknaðs rennslis í Efri-Þjórsá
A: við vhm 216 vatnsárin 1965-'79 (rennslí 29. febrúar og 31. ágúst meðtalid)
B: við vhm 100 vatnsárin 1974-'79
og C: milli vhm 216 og vhm 100 vatnsárin 1974-'79.

A:

Vhm 216	Mælt rennslí	Reiknað rennslí	Mis-munur	Mis-munur
Vatnsár	Gl	Gl	Gl	%
1965	3907	3107	-800	-20,5
1966	3731	3315	-416	-11,1
1967	4303	4469	166	3,8
1968	4170	4418	248	5,9
1969	3988	4155	167	4,2
1970	4254	4498	244	5,7
1971	4094	5120	1026	25,1
1972	4447	5227	780	17,5
1973	5496	5664	168	3,0
1974	4525	4842	317	7,0
1975	5823	5684	-139	- 2,4
1976	4150	4184	34	0,8
1977	3845	3830	15	- 0,4
1978	3794	3421	-373	- 9,8
1979	4114	3687	-427	-10,4

B:




Vhm 100	Mælt rennslí	Reiknað rennslí	Mis-munur	Mis-munur
Vatnsár	Gl	Gl	Gl	%
1974	3165	3342	177	5,6
1975	4174	4003	-171	- 4,1
1976	3036	2991	- 45	- 1,5
1977	2515	2787	272	10,8
1978	2493	2379	-114	- 4,6
1979	2759	2657	-102	- 3,7

C:

Vhm 216 - vhm 100	Mælt rennslí	Reiknað rennslí	Mis-munur	Mis-munur
Vatnsár	Gl	Gl	Gl	%
1974	1360	1500	140	10,3
1975	1649	1681	32	1,9
1976	1114	1193	79	7,1
1977	1330	1043	-287	-21,6
1978	1301	1042	-259	-19,9
1979	1355	1030	-325	-24,0

VOD-VV-861 KE
84.02.0288

MÆLT OG REIKNAÐ RENNSLI VIÐ VHM 100 EFRI - ÞJÓRSÁ, NORÐLINGAALDA



MYND 2 Mælt og reiknað rennsli við vhm 100,
Efri-Þjórsá, Norðlingaalda.

Mikilvægt væri að fá svar við þeirri spurningu, hvort NAM2-líkanið fyrir Efri-Þjórsá gefur skekka mynd af hlutfalli afrennslis við Norðlingaöldu og til Kvíslaveitu. Hlutur jökuls í flatarmálinu er svipaður, tæp 22 %, svo spurningin snýst um, hvernig til hefur tekist með afrennslisdreifingu á jökulvana svæðum. Raunar virðist líklegast að um sé að kenna frávik í úrkomugögnum miðað við rennsli, og þá sennilega að Hæli í Hreppum, þegar hugleiddar eru ástæður fyrir ósamstöðum mismuni reiknaðs rennslis og mælds skv. töflu 9. Áhrif slíks fráviks væru sterkust neðan til við ána.

Nú stendur til hjá Landsvirkjun að athuga, hvort nota megi Kirkjubæjarklaustur sem veðurstöð í stað Hæls fyrir NAM2-líkön á Þjórsársvæðinu, og fæst þá væntanlega betra mat á stöðugleika líkansins m.a. gagnvart afrennslisdreifingunni og vatnsjöfnuði hvers árs.

Það eitt er ljóst sem stendur, að ekki er hægt að bera beint saman virkjunarkosti í Efri-Þjórsá og annars staðar, vegna mismunandi aðferða við að mynda rennslisraðir. Jafnframt verður að gæta þess að nota rennslisraðir gerðar á sama hátt til að bera saman virkjanir í Efri-Þjórsá innbyrðis.

Dæmi um það, hvernig getur farið, ef blandað er saman NAM2-ákvörðuðum rennslisröðum og röðum gerðum skv. beinu flatarmálshlutfalli rennslis, er sýnt hér á eftir í viðauka Skúla Jóhannssonar, verkfræðings hjá Verkfræðistofunni Streng. Þar kemur fram í töflu 1, að rennsli til Hnappölduvirkjunar með aðferð þeirri sem notuð er í skýrslu fyrir Landsvirkjun um Efri-Þjórsá, Almenna verkfræðistofan (1984), verður yfir meðallagi tvö af hinum fjórum ákvarðandi og slæmu vatnsárum í grunnkerfinu. Orsökkin er sú, að þar er of lágt rennsli til Kvíslaveitu (ákvarðað með NAM2) dregið frá rennsli við Norðlingaöldu, en það er ákvarðað með öðrum aðferðum, sem ekki innihalda sömu eiginleika varðandi frávik frá raunverulegu ársrennsli.

Svo sem að ofan sést, er sjálffylgni marktæk í rennslisröðunum við Norðlingaöldu, bæði fyrir Kvíslaveitu meiri og innrennsli í lón við Norðlingaöldu (vhm 100 - Kvíslaveita). Eykur það tiltrú til þeirra raða. Hins vegar er ekki marktæk sjálffylgni í leifarliðum rennslis til Dalsárveitu eða á vatnasviði aðrennslisskurðar. Hér er NAM2-líkanið einnig þanið til hins ítrasta á jökullausum og fremur smáum hlutsvæðum. En í báðum tilfellum er það fyrst og fremst Fossá, sem stýrir framlengingu leifarliðanna. Vatnasvið hennar er fremur nálægt þessum hlutsvæðum, og rennsliseinkenni væntanlega svipuð.

Athuga ber, að sjálffylgnilíkönin eru af annarri gráðu, líkan gert út frá líkani (NAM2), en ekki út frá mældu rennsli. Jafnvel rennsli við vhm 99, Fossá í Þjórsárdal, sem stuðst er við, er ekki mælt allan tímann. Aðeins veðrið á Hæli er mælt nánast allan tímann, vatnsárin 1950-'81.

Fyrirhuguð heildarendurskoðun á vegum Landsvirkjunar á NAM2-líkani fyrir Þjórsársvæðið er, í ljósi ofangreinds, allbrýnt verkefni. Þegar niðurstöður liggja fyrir, verður væntanlega hægt að bæta áætlanir um rennsli til Hnappölduvirkjunar jafnt sem annarra fyrirhugaðra virkjana í Efri-Þjórsá. Ennfremur fæst þá vonandi raunhæfur samanburðargrundvöllur fyrir virkjanir á öllu Þjórsársvæðinu.

3 GRUNNKERFI

Orkumáttur virkjana ræðst að hluta til af því, hvar í virkjanaröðinni þær koma í gagnið. Við mat á orkumætti hugsanlegra virkjana í Efri-Þjórsá, er miðað við að fyrir hendi sé ákveðið grunnkerfi, hér eftir kallað grunnkerfi OS, sem samanstendur af eftirfarandi orkuverum og miðlunarlónum:

1. Kvíslaveita meiri.
2. Þórisvatnsmiðlun (1600 GJ).
3. Vatnsfellsvirkjun.
4. Sigölduvirkjun (miðlun 128 GJ).
5. Hrauneyjafossvirkjun (miðlun 27 GJ).
6. Sultartangalón (miðlun 68 GJ).
7. Búrfellsvirkjun I og II (engin miðlun).

Sum þessara orkuvirkja eru þegar í notkun, önnur í byggingu, og að síðustu orkuvirki sem líklegt er að verði tekin í notkun á undan virkjun í Efri-Þjórsá. Orkumáttur grunnkerfisins reiknast 4650 GWh/a. Einungis er litið á Þjórsár-Tungnaár svæðið. Taka verður fram að ekki eru komin lög sem heimila Vatnsfellsvirkjun og Búrfell II, þannig að nokkur óvissa ríkir um það hvort þessar virkjanir verði á undan Efri-Þjórsá í virkjunarröðinni.

Samkvæmt skilgreiningu er orkumáttur virkjana í Efri-Þjórsá fenginn á eftirfarandi hátt: Fyrst er reiknaður orkumáttur grunnkerfisins eins og gengið er út frá hér að framan, síðan er virkjun í Efri-Þjórsá bætt við kerfið. Mismunur á orkumætti kerfanna segir til um orkumátt virkjunarinnar í Efri-Þjórsá.

4 ELDRI VIRKJUNARHUGMYNDIR

Hér á eftir verður gerð lausleg grein fyrir þeim virkjunarhugmyndum í Efri-Þjórsá, sem helst hafa verið á döfnni síðustu árin.

4.1 Norðlingaældumiðlun

Aðstaða til miðlunar er mjög góð við Norðlingaældu, en vegna verndunar Þjórsárvera er aðeins hægt að miðla mjög takmarkað þar. Áður fyrr var gert ráð fyrir miðlun þarna allt frá 325 til 1435 Gl, en vegna takmörkunar á hæð vatnsborðs við 581,1 m y.s. til að vernda Þjórsárver er mesta miðlun nú áætluð um 350 Gl, miðað við að tæma lónið alveg um botnrásir. Mögulegt er að nýta alla þessa miðlun bæði fyrir Króksvirkjun og Gljúfurleitarvirkjun (Gnúpverjavirkjun), en ef Hnappölduvirkjun verður fyrir valinu, er aðeins hægt að nýta um 260 Gl miðlun (vatnsborð úr 581 í 574 m y.s.).

Tvö stíflustæði koma helst til greina við Norðlingaældu. Val milli þeirra ræðst aðallega af staðsetningu yfirfalls. Ef farið verður út í að virkja á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í Gnúpverjavirkjun, verður yfirfallið að vera austan ár, en þar er erfitt og dýrt að koma því fyrir við efra stíflustæðið (Almenna Verkfræðistofan og fl. 1980). Neðra stíflustæðið yrði því líklega fyrir valinu. Stífla þar verður mun efnismeiri en stífla ofar og einnig eru jarðfræðilegar aðstæður verri þar. Ef valin er Króksvirkjun eða Hnappölduvirkjun, getur yfirfall verið á hvorum bakkanum sem er. Hagkvæmast er að nota efra stíflustæðið og hafa yfirfallið vestan ár uppi við Norðlingaældu.


4.2 Króksvirkjun

Gerð var lausleg athugun á orkumætti og stofnkostnaði Króksvirkjunar. Fyrirkomulag virkjunarinnar er þannig; Þjórsá er stífluð á móts við Krók, yfirvatnshæð í 525 m y.s. og mesta hæð stíflu um 74 m, rúmmál stíflu 6,6 Gl. Botnrás verður í gegnum stífluna. Flatarmál lóns sem myndast ofan við stíflu yrði um 28 km² og heildarrúmmál lóns 490 Gl, þar af er gert ráð fyrir að nýta sem miðlun 457 Gl, með vatnsborðs-sveiflu úr 525 m y.s. í 490 m y.s. (sjá mynd 3).

VOD-VV-861-HSs
83-II-1574-H

KRÓKSVIRKJUN, MIÐLUNARLÓN

VATNSBORD
m.y.s.



MYND 3 Króksvirkjun, miðlunarlón.

400 m langt yfirfall yrði í stíflunni á austurbakka árinna. Stuttur aðrennslisskurður yrði grafinn á vesturbakkanum að inntaksmannvirkjum og þaðan fallgöng að stöðvarhúsi sem væri neðanjarðar. Aðkoma að stöðvarhúsi yrði um 1300 metra löng aðkomugöng sem opnast út í dalinn rétt neðan við stífluna. Um 7 km löng frárennslisgöng sem enda í farvegi Þjórsár í 306 m y.s. Heildarfallhæð 219 m (525-306 m y.s.).

Stofnkostnaður: 3600 Mkr. á verðlagi í desember 1982, vísitala byggingarkostnaðar 1482 (eða 100). Orkumáttur: 1150 GWh/a., miðað við grunnkerfi hér að framan. Afl: 210 MW. Stofnkostnaður á orkueiningu 3,1-3,2 kr/kWh/a.

Ef einnig er gert ráð fyrir miðlun í Norðlingaöldu (357 GI) verður stofnkostnaður 4000 Mkr. og orkumáttur 1230 GWh/a. Stofnkostnaður á orkueiningu 3,2 kr/kWh/a.

4.3 Gljúfurleitarvirkjun

Virkjunartilhögun (sjá Almenna Verkfræðistofan og fl. 1980):

"Þjórsá er stífluð um 3,5 km neðan við miðlunarstífluna við Norðlingaöldu. Þaðan er vatn leitt eftir 23 km löngum skurði vestan við farveg Þjórsár að inntaki. Nokkrar ár og lækir falla þvert á skurðleiðina og eru fyrirhugaðar stíflur í þeim helstu þeirra til að minnka aurburð og ísrek inn í skurðinn. Auk þess eru botnrásir, ísskolunar-


virki og yfirföll meðfram skurðinum til að hafa hemil á aurburði, ís og flóðum.

Aðrennslisskurðurinn flytur virkjað rennsli við vatnshraða 0,6 m/s þar sem skurðurinn er grafinn, en sums staðar verður vatnshraðinn minni þar sem vatnsvegurinn er myndaður með stíflum og ofan þeirra verða til smálón.

Við inntak myndast einnig lítið lón og þaðan verða gerð steypufóðruð og stálfóðruð fallgöng að neðanjarðarstöðvarhúsi en frá því fer vatn um 1,6 km löng göng út í farveg Þjórsár rétt neðan við Gljúfurleitarfoss. Bakvatnshæð er áætluð 306 m y. s. við eðlilegar aðstæður."

Þessu til viðbótar hafa verið athugaðir miðlunarmöguleikar í Dalsá og upptakakvískum hennar, við Örafatungu og í Draugakvísl, ásamt veitu Kisu um Lambafellskvísl yfir í Dalsá. Einnig hefur verið athugað að sleppa miðlunum þarna en hafa eingöngu framburðarstíflur í staðinn.

Vegna hættu á rekstrartruflunum hefur Gljúfurleitaavirkjun (Gnúpverjavirkjun) verið talin mun síðri kostur en Króksvirkjun og þess vegna er hér ekki fjallað nánar um hana.



MYND 4 Hnappölduvirkjun, yfirlitskort.

5 HNAPPÖLDUVIRKJUN

5.1 Inngangur

Í október síðastliðinn setti Haukur Tómasson, forstjóri VOD, fram hugmynd að virkjun í Efri-Þjórsá, sem nefnd var Hnappölduvirkjun, og lýst er í bréfi hans þar að lútandi (Haukur Tómasson 1983). Bréf Hauks er birt í viðauka I hér á eftir. Verk- og vatnafræðideild hefur kannað hvort þessi kostur sé vænlegur. Mynd 4 sýnir staðsetningu og fyrirkomulag virkjunarinnar.

Í fáum orðum má lýsa virkjunarhugmynd þessari á eftirfarandi hátt: Þjórsá er stífluð við Norðlingaöldu og vatni veitt um skurði og lón í inntakslón við Hnappöldu. Þessi leið nefnist hér "Neðri-veita". Kisu og Draugakvísl er veitt í Dalsá og þeim saman veitt um Helgavatn í Fossádrög. Þar yrðu stíflur og miðlun. Úr Fossádrögum yrði örstutt veita í inntakslón. Þessi leið nefnist hér "Efri-veita". Virkjað yrði fall, úr ca. 570 m hæð í inntakslóni í 297 m hæð í Sultartangalóni.

Einkenni virkjunarinnar eru tvær veitur og tvær aðskildar miðlanir.

5.2 Forsendur reikninga

Notuð eru kort Orkustofnunar í mælikvarða 1:20000 með 5 m milli hæðarlína. Kortin ná ekki yfir allt svæðið sem fjallað er um. Helst er, að ekki er unnt að meta miðlunarmöguleika í Kisu undir Múlum (kort nr 3444 og etv. 3445) og er því þeim möguleika alveg sleppt. Miðlun í Draugakvísl er líklega eitthvað vanmetin af sömu ástæðum (kort nr. 3444). Eskilegt er að hafa nákvæmari kort til að meta skurði og leiðigarða t.d. mkv. 1:5000 og 1 m milli hæðarlína.

Laus jarðvegur er svo til óþekktur, einungis litið yfir svæðið dagpart að hausti (Haukur Tómasson). Sá hluti athugunar þessarar er því nánast hrein ágiskun.

Rennsli sbr. kafla 2 hér á undan.

Reiknilíkan Orkustofnunar "HYDRO": Helsta frávik frá stöðlum Orkustofnunar er hvernig skurðir eru reiknaðir svo sem að botnbreidd er víða bundin við 6 m. Einnig má hiklaust telja verð á greftri lauss jarðvegs ofmetið, en þar eð magn hans er nánast algjör ágiskun, sbr. hér að ofan, þá er hér talið rétt að nota staðalverð.

5.3 Tilhögun virkjunar

Á yfirlitskortu (í vasa aftast) eru sýndir vatnsvegir: stíflur, lón og skurðir svo og virkjun með að- og frárennsli.

5.3.1 Neðri veita

Miðlun við Norðlingaöldu: Samkvæmt samkomulagi um verndun Þjórsárvera með tilliti til náttúrufars er yfirfallshæð í 581 m y.s. og skal yfirfall vera þannig að flóðhæð verði sem lægst. Hefur þetta afgerandi áhrif á miðlun og yfirfall. Miðlun er um 260 Gl miðað við lægsta vatnsborð í 574 m y.s. Í lóni er áætlaður skurður að stíflu og þar

verður stjórnubúnaður veitunnar.

Frá stíflu er skurður utan í Norðlingaöldu að stíflu í Kisu og önnur stífla um Miklalæk að Flóamannaöldu. Milli þessara stífla er stuttur skurður. Þá kemur skurður austan í Flóamannaöldu um Bjarnalæk og Dalsá. Í Bjarnalæk innri er smá stífla. Allir ofantaldir skurðir eru í hliðarhalla, mismiklum, með stíflugarði á lægri skurðbakka.

Frá Dalsá að Hölkná er skurður án stíflugarða. Efst í Hölknárdrögum er smá stífla og síðan skurður með stíflugarði á lægri bakka suður fyrir Geldingaá. Þaðan fer vatnið um göng yfir í efstu drög Gljúfurár og síðan um skurð í inntakslón við Fremri-Hnappöldu. Við efri gangamunna yrði lokubúnaður.

Inntakslón rúmar um 20 Gl og samsvarar það 3ja daga rennsli. Skurðir eru reiknaðir fyrir vetrarrennsli 40-50 m³/s með hægum straumi (V<0,6 m/s), en sumarrennsli allt að 90 m³/s, með breytilegum hraða.

NEÐRI VEITA:

Vatnasvið	1208 km ²
Áætlað meðalrennsli	59,7-66,9 m ³ /s
Meðalafrennsli	55,4 l/s*km ²
Miðlun: Norðlingaöldulón	260 Gl
Inntakslón	20 Gl
Samtals	280 Gl

MIDLUN Í ÞJÓRSÁ OFAN NORÐLINGAÖLDU:


Yfirfallshæð	581,1 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	57 km ²
Lægsta vatnsborð	574 m y.s.
Flóðvatnsborð (sem lægst)	ca. 583 m y.s.
Krónuhæð stíflu	586 m y.s.
Mesta stífluhæð	33 m
Lengd stíflu	2,23 km
Stíflurúmtak	0,83 Gl

INNTAKSLÓN:


Yfirfallshæð	570 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	5,4 km ²
Lægsta vatnsborð	565 m y.s.
Flóðvatnsborð	ca. 572 m y.s.
Krónuhæð stíflu	574 m y.s.
Mesta stífluhæð	16 m
Lengd stíflu	4,95 km
Stíflu rúmtak	1,14 Gl

SKURÐIR, STÍFLUR OG GÖNG:


Skurðir, lengd samtals	23,7 km
Skurðir, gröftur samtals	3,6 Gl
Stíflur og leiðigarðar	1,7 Gl
Göng (þvermál 7,6 m)	2,0 km




MYND 5 Stíflur. Lón- og massaferlar



MYND 6 Stíflur. Lón- og massaferlar



MYND 7 Draugakvísl, Dalsá, Vatnsás - Helgavatn.
Lón- og massaferlar



MYND 8 Fossádrög. Lón- og massaferlar

5.3.2 Efri veita - Dalsárveita

Kisa er stífluð undir Múlum og veitt um lögðir og skurði ásamt Draugakvísl yfir í Dalsárdrög.

Draugakvísl er stífluð við Lambafellssporð og má líklega geyma þar allt sumarvatn til betri tíma (70 Gl við vatnsborð í 700 m y.s.).

Dalsá er stífluð við Úræfatungu með yfirfalli í Lambafellskvísl. Þarna myndast lón sem ásamt Helgavatni er með um 70 Gl miðlun við hæsta vatnsborð í 635,5 m y.s., og lágsta vatnsborð í 628,0 m y.s..

Vatninu er veitt með skurðum og stíflugörðum vestan við Vatnsás og Sléttbak í Helgavatn. Þaðan er grafinn skurður yfir í Fossárdrög. Í skurðinum yrði lokubúnaður. Skurðir að Fossárdrögum eru reiknaðir fyrir vetrarrennsli 40 m³/s með hægum straumi (V < 0,6 m/s) eða hröðum straumi (V > 1,5 m/s). Í Fossárdrögum eru tvær stíflur og um 160 Gl miðlun með yfirfallshæð í 605 m y.s. og 20 m niðurdrætti, þannig að samtals yrði um 310 Gl miðlun í Efri veitu. Frá Fossárdrögum er veitt með gördum og skurðum 80 m³/s í inntakslón.

EFRI VEITA:

Vatnasvið	335 km ²
Áætlað meðalrennsli	19,8 m ³ /s
Meðalafrennsli	59 l/s*km ²
Miðlun: Draugakvísl	68 Gl
Kisa	(7 Gl)
Dalsá-Helgavatn	72 Gl
Fossárdrög	163 Gl
Samtals	310 Gl

MIÐLUN Í DRAUGAKVÍSL OFAN VIÐ LAMBAFELLSSPORÐ:

Yfirfallshæð	696 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	ca. 7,2 km ²
Lágsta vatnsborð	674 m y.s.
Flóðvatnsborð	ca. 698 m y.s.
Krónuhæð stíflu	700 m y.s.
Mesta stífluhæð	26 m
Lengd stíflu	1,16 km
Stíflu rúmtak	0,21 Gl

MIÐLUN Í KISU. 2 STÍFLUR:

Lögðin milli Múla og Setu er ekki reiknuð.

Yfirfallshæð	641 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	2,3 km ²
Lágsta vatnsborð	637 m y.s.
Flóðvatnsborð	ca. 643 m y.s.
Krónuhæð stíflu	644 m y.s.
Mesta stífluhæð	18 m
Lengd stíflu	1,82 km
Stíflu rúmtak	0,35 Gl

MIÐLUN Í DALSA-HELGA VATN.

Margar stíflur.

Yfirfallshæð	635,5 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	13,7 km ²
Lægsta vatnsborð	628 m y.s.
Flóðvatnsborð	637,5 m y.s.
Krónuhæð stíflu	639 m y.s.
Mesta stífluhæð	34 m
Lengd stíflu	6,03 km
Stíflu rúmtak	1,1 Gl

MIÐLUN Í FOSSÁRDRÖGUM: 2 stíflur.


Yfirfallshæð	605 m y.s.
Flatarmál við yfirfallshæð	10,5 km ²
Lægsta vatnsborð	585 m y.s.
Flóðvatnsborð	607 m y.s.
Krónuhæð stíflu	609 m y.s.
Mesta stífluhæð	38 m
Lengd stíflu	1,77 km
Stíflu rúmtak	1,05 Gl

SKURÐIR OG SMÁSTÍFLUR:

Skurðir, lengd samtals	18,4 km
Skurðir, gröftur samtals	1,3 Gl
Stíflur og leiðigarðar	0,4 Gl

5.3.3 Virkjun

Frá inntakslóni verður um 1,4 km langur aðrennslisskurður og þaðan um 385 m löng hallandi fallgöng í neðanjarðar stöðvarhús. Aðkomugöng væru um 0,9 km og frárennslisgöng um 1,35 km. Skematískt langsnið í vatnsvegi virkjunar er sýnt á mynd 9.



VOD-VV-861-HSs
81.07.0846.0D

MYND 9 Langsnið í vatnsvegi virkjunar.

Á þessum slóðum eru mörk líparíftsins og hafa þau ugglaustr áhrif á staðarval. Einnig væri athugandi að hafa stöðvarhús ofanjarðar og þrýstivatnspípur úr stáli utan á fjallshlíðinni.

6 NIÐURSTÖÐUR

Gerðar voru tvær rekstrareftirlíkingar fyrir Hnappölduvirkjun með tölvulíkani Orkustofnunar. Í fyrsta lagi var virkjunin reiknuð ein sér, án nokkurra tengsla við aðrar virkjanir. Þessi aðferð við mat á orkumætti Hnappölduvirkjunar gaf eftirfarandi niðurstöður: Virkjað rennsli 108 m³/s, orkumáttur 1300 GWh/a og afl 250 MW. Reiknað var með 5 m³/s leka úr Kvíslaveitu meiri, en engu yfirfallsrennsli þaðan. Takmörkuð miðlun við Norðlingaöldu veldur því að mikið vatn fer á yfirfalli, en það minnkar orkumátt Hnappölduvirkjunar.

Í öðru lagi var gerð rekstrareftirlíking fyrir Hnappölduvirkjun í samkeyrslu með grunnkerfi OS sem getið er um hér að framan, og reyndist orkumáttur hennar vera um 1400 GWh/a, stofnkostnaður á verðlagi í desember 1982 reyndist vera um 4700 Mkr. og stofnkostnaður á orkueiningu 3,3 - 3,4 kr/kWh/a. Afl reyndist 253 MW. Gert var ráð fyrir 5 m³/s leka úr Kvíslaveitu meiri og að yfirfallsvatn Kvíslaveitu færi í Norðlingaöldumiðlun.

Ef miðlun við Norðlingaöldu yrði aukin í 380 Gl með því að hækka yfirfallshæð um 2 m (í 583 m y.s.), mætti auka orkumátt virkjunarinnar um tæplega 100 GWh/a og lækka kostnað á orkueiningu um ca. 5 %.

Með því að láta vetrarrennsli Kvíslaveitu meiri (6 mánuði: nóv.-apr.) fara í miðlun við Norðlingaöldu og hugsanlega tæma Kvíslavatn um botnrás þegar mestur vatnsskortur er, verður orkumáttur virkjunarinnar um 1500 GWh/a án þess að auka miðlun við Norðlingaöldu.

Athugun með samrekstri við grunnkerfi (sjá viðauka III) bendir til að ekki sé hagkvæmt að taka vatn frá Kvíslaveitu til Hnappölduvirkjunar. Í því sambandi mætti athuga, hvort ekki væri hagkvæmt að veita Tungnaá í Þórisvatn í lekavörðum skurði/göngum til að bæta upp það vatn sem ekki skilaði sér að vetri til úr Kvíslaveitu til Þórisvatns. Einnig er það spurning, hvernig þessi samanburður kæmi út, ef Vatnsfellsvirkjun væri ekki höfð með í grunnkerfinu, en engin ákvörðun hefur enn verið tekin um, hvenær eða hvort þar verður virkjað.

Verkfræðistofan Strengur var fengin til að áætla orkumátt (orkuvinnslugetu) Hnappölduvirkjunar í samrekstri með grunnkerfi eins og gert var í skýrslu Landsvirkjunar "EFRI-ÞJÓRSÁ, Mynsturáætlun", sem gerð var af Almennu Verkfræðistofunni hf. (1984), (sjá viðauka III). Niðurstaðan varð um 1300 GWh/a þegar notaðar voru rennslisráðir Orkustofnunar. Orkumáttur Gnúpverjavirkjunar samkvæmt Almennu Verkfræðistofunni yrði um 1280-1400 GWh/a eftir því hvaða tilhögun um er að ræða. Þegar Hnappöldu- og Gnúpverjavirkjanir eru bornar saman, kemur í ljós að þrátt fyrir að Hnappalda sé með meira fall, meira meðalrennsli og meiri heildarmiðlun, er orkumáttur Hnappöldu minni en Gnúpverjavirkjunar.

Við samanburð á rennslisröðum kom í ljós, að heildarrennsli á þeim árum, sem eru ákvarðandi fyrir orkumátt vegna lítils rennslis í grunnkerfinu, er um og yfir meðallagi í Gnúpverjavirkjun en langt undir meðallagi í Hnappölduvirkjun. Var því farið út í að mynda rennsli til Hnappölduvirkjunar á svipaðan hátt og gert er fyrir Gnúpverjavirkjun í skýrslu Almennu Verkfræðistofunnar, svo réttari samanburðargrundvöllur milli þeirra fengist. Við það jókst orkumáttur Hnappölduvirkjunar um 250 GWh/a eða í 1550 GWh/a (viðauki III).

Athugað var hver orkumáttur Hnappölduvirkjunar yrði þegar þessar rennslisráðir eru notaðar, og miðað við grunnkerfi OS sem eingöngu miðast við Þjórsár - Tungnaáarsvæðið, sjá kafla 3 hér að framan. Niðurstaðan var sú, að orkumátturinn jókst um 110 GWh/a eða úr 1400 GWh/a í 1510 GWh/a.

Í töflu 5 eru samandregnar niðurstöður um orkumátt Hnappölduvirkjunar sem fengnar eru með mismunandi forsendum og aðferðum. "OS" merkir að notað var grunnkerfi eins og lýst er í kafla 3 hér að framan og rennslisráðir sem gerðar voru að tilhlutan Orkustofnunar. "AV" merkir að notað var grunnkerfi eins og lýst er í viðauka og rennslisráðir búnar til með svipuðum aðferðum og notaðar voru í skýrslu Landsvirkjunar "EFRI-ÞJÓRSÁ, Mynsturáætlun.", sjá viðauka.

TAFLA 5 Orkumáttur Hnappölduvirkjunar, GWh/ári, við mismunandi grunnkerfi og rennslisráðir.

	ekki	OS	OS	OS	AV	AV	OS
Grunnkerfi		OS	OS	OS	AV	AV	OS
Rennslisráðir	OS	OS	OS	OS	OS	AV	AV
Orkumáttur, GWh/ári	1300	1400	1500*	1500**	1300	1550	1510

* Norðlingaöldustífla hækkuð um 2 m.

** Miðlun og vetrarrennslí Kvíslaveitu nýtt í Hnappölduvirkjun.

Vegna misræmis í rennslisröðum er ekki ráðlegt sem stendur að bera virkjanir í Efri-Þjórsá saman við aðrar virkjanir, þótt hægt sé að bera þær saman innbyrðis. Fyrirhugað er að gera ný og samræmd rennslislíkön á Þjórsár- Tungnaáarsvæðinu á vegum Landsvirkjunar. Frekari athugun rennslisraða á svæðinu hefur verið vísað til Rennslisgagnanefndar, en hún er undirnefnd Samstarfsnefndar Landsvirkjunar og Orkustofnunar.

RITASKRÁ

Almenna Verkfræðistofan 1981: EFRI-ÞJÓRSÁ Virkjunarsvæði (gróðurkort) yfirlitskort (1:50.000). Sýnir miðlunarmannvirki Norðlingaöldu og Gljúfurleitarvirkjun. Gert fyrir Landsvirkjun.

Almenna Verkfræðistofan 1983: Gljúfurleitarvirkjun. Athugun á stíflu-
stæði. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Almenna Verkfræðistofan 1983: Gljúfurleitarvirkjun. Athugun á efnis-
námmum fyrir stíflu í Þjórsá ofan við Dynk. Unnið fyrir Landsvirkjun.

Almenna Verkfræðistofan 1984: Efri-Þjórsá, mynsturáætlun. Unnið fyrir
Landsvirkjun.

Almenna Verkfræðistofan hf., Virkir hf. og Verkfræðistofa Sigurðar
Thoroddsen hf. 1979: Þjórsárvirkjanir. Samanburðaráætlanir um orkunýt-
ingu á vatnasviðum Þjórsár og Tungnaár ofan Þjórsárdals. Landsvirkjun,
áfangaskýrsla.

Almenna Verkfræðistofan hf., Virkir hf. og Verkfræðistofa Sigurðar
Thoroddsen 1980: Þjórsárvirkjanir - Vettvangsrannsóknir 1980, tillögur
verkfræðiráðgjafa að vettvangsrannsóknum og hönnun á árinu 1980.

Almenna Verkfræðistofan hf., Virkir hf. og Verkfræðistofa Sigurðar
Thoroddsen hf. 1980: Þjórsárvirkjanir. Mynsturáætlun um orkunýtingu á
